



Reykjavíkurborg - mannréttinda- og
lýðræðisskrifstofa
Elísabet Pétursdóttir
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 24. júní 2021
Tilv.: FOR21060061/14.0

Efni: Erindi vegna reglna sem ganga í berhögg við lög nr. 80/2019

Vísað er til erindis yðar, dags. 3. júní 2021, þar sem þess er farið á leit við forsætisráðherra að bregðast strax við þeirri stöðu að reglugerð um salerni á vinnustöðum, sem er á forræði félagsmálaráðuneytis, hafi ekki verið endurskoðuð til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði.

Í svari félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar frá 150. löggjafarþingi 2019-2020, dags. 22 apríl 2020 (*sbr. þskj. 1422*) kemur fram að reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, falla undir málefnasvið félags- og barnamálaráðherra. Samkvæmt fyrrnefndum reglum skal tryggja lágmarksfjölda salerna og snyrtinga fyrir konur annars vegar og karla hins vegar í þeim tilvikum þegar starfsmáhnafjöldi er að staðaldri fleiri en fimm karlar og fimm konur, sbr. 22. gr. reglnanna. Einnig kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins virðast vera nokkuð skiptar skoðanir á vinnustöðum hér á landi um það hvort aðgreina beri salerni og snyrtingar með framangreindum hætti. Þannig hafa stofnuninni borist erindi frá starfsmönnum tiltekinna vinnustaða, sem hafa ákveðið að aðgreina ekki sérstaklega salerni og snyrtingar, þar sem viðkomandi starfsmenn hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að hafa salerni aðgreind með merkingum fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Jafnframt kemur fram að að mati Vinnueftirlits ríkisins fela umrædd ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða í sér að tryggja skuli lágmarksfjölda salerna og snyrtinga fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Að mati stofnunarinnar sé því ekkert í reglunum sem komi í veg fyrir eða hamli því að unnt sé að aðgreina sérstaklega önnur salerni eða aðrar snyrtingar fyrir starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti eða hafa ómerkt tiltekin salerni eða tilteknar snyrtingar að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna og snyrtinga sé náð sem skulu vera aðgreind milli kvenna og karla samkvæmt meginreglu 2. mgr. 22. gr. fyrrnefndra reglna um húsnæði vinnustaða.


Enn fremur kemur fram að telja verði að margt í íslensku samfélagi hafi breyst á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að umræddar reglur voru settar en í því sambandi má meðal annars nefna lög nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði. Að mati félags- og barnamálaráðherra er því vert að skoða hvort og þá með hvaða hætti rétt sé að breyta umræddum reglum, meðal annars með tilliti til fyrrnefndra laga. Í því sambandi leggur ráðherra áherslu á mikilvægi þess að fá fram þau ólíku sjónarmið sem ætla má að séu fyrir hendi á innlendum vinnumarkaði hvað varðar aðgreiningu salerna og snyrtinga fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Slík vinna er þó enn ekki hafin í félagsmálaráðuneytinu og fer það eftir verkefnastöðu innan ráðuneytisins hvenær unnt verður að ráðast í slíka vinnu.

Líkt og kemur fram í svari forsætisráðherra frá 150. löggjafarþingi 2019-2020, dags. 29. september 2020, við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar (*sbr. þskj. 2124*) þá telur forsætisráðherra engum vafa

undiropið að eftir gildistöku laga um kynrænt sjálfræði verði jafnframt að gera ráð fyrir þeim sem kjósa að hafa hlutlausa skráningu kyns í lagaákvæðum, reglugerðum og reglum sem fela í sér kyngreiningu (karl, kona). Standa því vonir til þess að hlutaðeigandi ráðherrar og ráðuneyti þeirra flýti endurskoðun stjórnslufyrirmæla í þessu sambandi með framangreinda meginreglu að leiðarljósi svo að tryggja megi að fólk búi við jafna aðstöðu að þessu leyti óháð kyni.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu frá júní 2021 er stefnt að því að hefja vinnu við endurskoðun umræddrar reglugerðar haustið 2021. Með vísan til 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, vekur forsætisráðuneytið athygli á að unnt er að leita til félagsmálaráðuneytis til frekari upplýsinga um endurskoðun reglugerðarinnar.

Fyrir hönd ráðherra


Steinunn Valdís Óskarsdóttir


Ingigerður B. Írisar Ágústsdóttir